

12. fundur Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar Fjarðarvegi 3, mánudaginn 25 ágúst. 2015 kl. 12:00.

Mætt voru: Gunnólfur Lárusson formaður, Jósteynn Hermundsson, Aðalbjörn Arnarsson, Steinunn Leósdóttir og Reimar Sigurjónsson jafnframt sat fundinn sveitarstjóri.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá fundar:

1. Byggingarleyfisumsókn fyrir tækjageymslu/vélageymslu á lóðinni Langholt 1 Aðalbörn vék af fundi.

Faglausn ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir hönd Heiðarhóls ehf. kt.510115-0400.

Sótt er um byggingarleyfi fyrir 199,9 m² tækjageymslu/vélageymslu á lóðinni Langholt 1 á Þórshöfn. Lóðin sem er 1394 m² verður þá Langholt 1A. Meðfylgjandi eru teikningar.

Umhverfisnefnd samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti og felur byggingarfulltrúa að gefa út leyfi þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða. Aðalbjörn kom aftur inn á fundinn.

2. Erindi frá stjórn veiðifélags Miðfjarðarár og Litlu – Kverkár.

Árni Gunnarsson fyrir hönd Stjórnar veiðifélagsins óskar hér með eftir heimild sveitarstjórnar til að betrubæta núverandi vegslóða í landi Kverkártungu frá Fálkafossi að Bæjarfossi (rúmlega 1 km að lengd). Frá staðnum sem núverandi vegslóði endar og þaðan upp með ánni að hyl, þar sem laxapörunum hefur verið sleppt (um 2,5 km að lengd), sjá yfirlitskort.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir beiðnina samhljóða.

3. Frumdrög að hesthúsahverfi.

Farið var yfir frumdrög af nýrri hesthúsabyggð, sem áætlað er að rísi norðan við steypustöðina.

Nefndin leggur til að haldið verði áfram með þá hugmynd.

4. Önnur mál.

i. Sveitarstjóri kynnti fundarmönnum drög að samþykkt um um hæsnahald í Langanesbyggð. Nefndarmenn eru samþykktir þessum drögum.

ii. Rætt var um af hverju ekki væri búið að rífa Vegamót þar sem það væri svo illa farið og stafi af því mikil hætta.

iii. Formaður tjáði fundarmönnum að þetta yrði hans síðasti fundur sem formaður í umhverfis- og skipulagsnefnd og þar með sem varamaður í sveitarstjórn vegna flutninga frá Langanesbyggð. Hann þakkaði af heilum hug tryggu samstarfsfólki og öllum þeim sem vinna af heilindum fyrir Langanesbyggð og óskar þeim góðs gengis í framtíðinni.

Nefndin þakkaði formanni fyrir samstarfið og vel unnin störf.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og fundi slitið kl.12:50